

Fyrirspurn

til umhverfísráðherra um Múlavirkjun á Snæfellsnesi.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hefur ráðherra kynnt sér hvort fylgt hafi verið lögum og reglum um undirbúning, útgáfu leyfa, hönnun og byggingu Múlavirkjunar á Snæfellsnesi?
2. Hvers vegna fór Múlavirkjun á Snæfellsnesi ekki í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum?
3. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við ef staðreynt er að virkjunin sé með allt öðrum hætti en upphaflega fékkst leyfi fyrir og skaðleg umhverfisáhrif mannvirkjanna mun meiri en ráð var fyrir gert?

Skriflegt svar óskast.